

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 1. febrúar 2011 í máli nr. S-20/2010:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Grétari Má Guðfinnssyni og

Þorsteini Rúnari Ólafssyni

(Sigurður A. Þóroddsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 28. janúar 2010 á hendur ákærðu, Grétari Má Guðfinnssyni, kt. [...], Hjöllum 2, Vesturbyggð, og Þorsteini Rúnari Ólafssyni, kt. [...], Brunnnum 8, Vesturbyggð;

fyrir eftirtalin brot framin aðfaranótt sunnudagsins 24. maí 2009 við félagsheimilið við Aðalstræti á Patreksfirði:

1. Gegn ákærðu báðum fyrir áfengislagabrot, með því að hafa, í félagi, sökum ölvunar ítrekað valdið óspektum á almannaþæri, báðir með því að hafa verið mjög æstir og ögrandi í framkomu við nærstadda svo kom til ryskinga, og ákærði Þorsteinn jafnframt með því að hafa mjög æstur og ögrandi í framkomu barið með höndunum á ytra byrði lögreglubifreiðar, opnað hurð á lögreglubifreiðinni og reynt að toga mann úr bifreiðinni svo kom til ryskinga.

Telst þetta varða við 21. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr., áfengisлага nr. 75/1998.

2. Gegn ákærða Grétari Má fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa ráðist með ofbeldi að Huldu Guðmundsdóttur, lögreglumanni, sem var við skyldustörf, með því að hafa ýtt harkalega við henni svo hún lenti á húsvegg og hlaut mar og eymsli á rifbeinum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976 og 1. gr. laga nr. 25/2007.

3. Gegn ákærða Þorsteini Rúnari fyrir brot gegn valdstjórninni og brot gegn lögreglulögum, með því að hafa með ofbeldi og hótunum um ofbeldi leitast við að hindra lögreglumennina Guðmund Viðar Berg, Huldu Guðmundsdóttur og Oliveru Ilic, sem voru við skyldustörf, með því að hafa verið ógnandi í framkomu, óhlýðnast fyrirmælum og leitast við að koma meðákærða Grétari Má frá handtöku og jafnframt beitt líkamlegum aflsmunum gegn Huldu og Oliveru og losað sig frá þeim er þær reyndu að yfirbuga ákærða og þá enn fremur ýtt við þeim og rífið í hár Huldu og potað fingri í hægra auga hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga og 19. gr., sbr. 41. gr., lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kröfur ákærðu í málinu eru þær aðallega að þeir verði sýknaðir af sakargiftum samkvæmt ákæruliðum 2 og 3 í ákæru, en að öðru leyti verði þeim gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Til vara krefjast ákærðu vægustu refsingar sem lög leyfa. Í báðum tilvikum krefjast ákærðu þess að allur kostnaður sakarinnar verði greiddur úr ríkissjóði, einkum með hliðsjón af því hvernig staðið hafi verið að rannsókn málsins sem gert hafi það að verkum að ákærðu hafi verið nauðugur einn sá kostur að taka til varna.

I.

Að kvöldi 23. maí 2009 var haldinn dansleikur í félagsheimilinu á Patreksfirði. Síðar um nóttina kom til átaka fyrir utan húsið og var lögregla þá kölluð til. Er í frumskýrslu lögreglu, sem rituð var af Oliveru Ilic, er þá var starfandi lögreglumaður á Patreksfirði, og dagsett er 10. júní 2009, meðal annars lýst ryskingum milli ákærðu í málinu og nokkurra annarra aðila. Brá lögregla á það ráð að fjarlægja tvennt af vettvangi í þeim tilgangi að lægja öldurnar og í kjölfarið var þeim, ásamt einum aðila til viðbótar, ekið af Sveini Ólafssyni lögreglumanni yfir á Bíldudal.

Eftir að hafa yfirgefið vettvang kallaði Sveinn Ólafsson út aðstoð til handa starfsfélaga sínum. Í kjölfarið fóru lögreglumennirnir Hulda Guðmundsdóttir og Guðmundur Viðar Berg að félagsheimilinu Oliveru Ilic til aðstoðar. Kom þar til frekari afskipta lögreglu af ákærðu sem lauk með því að þeir voru báðir handteknir og færðir í járn, en við handtökuna beitti lögregla varnarúða gegn ákærða Þorsteini

Rúnari. Samkvæmt bókun í frumskýrslu lögreglu mun Hulda Guðmundsdóttir lögreglumaður um morguninn hafa tekið að kenna mikilla eymsla yfir neðri rifbeinum, hægra megin, eftir átökin um nóttina. Leitaði hún til læknis degi síðar vegna meiðslanna, svo sem nánar er vikið að í kafla IV hér á eftir.

II.

A.

Fyrir dómi játaði ákærði Grétar Már sakargiftir samkvæmt ákærulið 1. Ákærði skýrði að öðru leyti svo frá að umrædda nótt hefði hann verið á skemmtun í félagsheimilinu á Patreksfirði. Þegar nokkuð hefði verið liðið á nóttina kvaðst ákærði hafa farið út úr húsinu og hann þá fyrirvaralaust verið sleginn í andlitið. Sagðist ákærði ekki hafa séð hver veitti honum höggið, en hann hins vegar komist að því síðar. Spurður um ástæðu árásarinnar bar ákærði að fyrir um nóttina hefði komið til orðaskaks milli hans, gerandans og nokkurra annarra inni á snyrtingu félagsheimilisins. Var á ákærða að skilja að hann hefði vankast við höggið. Í það minnsta myndi hann ekki hvað gerðist í framhaldinu. Gat ákærði aðspurður ekkert sagt til um í hversu langan tíma óminnistímabilið varði. Var á ákærða að skilja að minnisleysið gæti mögulega einnig skýrst af ölvunarástandi hans.

Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa ýtt við lögreglukonunni Huldu Guðmundsdóttur með þeim hætti sem honum væri gefið að sök í ákæru. Sagði ákærði þær sakargiftir mjög ótrúlegar. Spurður um hvort hann myndi eftir lögreglukonunni á vettvangi svaraði ákærði: „Ekki þarna á þessu stigi, sko.“ Var á ákærða að skilja að hann myndi í raun ekki eftir sér eftir áðurnefnt högg fyrir en verið var að færa hann í járn síðar um nóttina. Þar sagði hann hafa verið að verki lögreglumennina Huldu Guðmundsdóttur og Guðmund Viðar Berg. Kom fram hjá ákærða að hann hefði verið mikið marinn á öðrum handleggnum eftir handtökuna.

Ákærði kvað langan tíma hafa liðið frá því að atvik máls gerðust og þar til hann var upplýstur um að hann hefði verið kærður fyrir brot gegn valdstjórninni. Þá kom fram hjá ákærða að hann og meðákærði Þorsteinn Rúnar hefðu farið strax daginn eftir á lögreglustöðina og beðist afsökunar.

B.

Fyrir dómi játaði ákærði Þorsteinn Rúnar sakargiftir samkvæmt ákærulið 1. Ákærði greindi að öðru leyti svo frá að hann hefði yfirgefið félagsheimilið á Patreksfirði umrædda nótt að áliðinni skemmtun sem þar fór fram. Fyrir utan húsið kvaðst ákærði hafa veitt athygli meðákærða, er hann kvað æskufélaga sinn, sem verið hefði alblóðugur í framan. Var á ákærða að skilja að nokkur fjöldi ungmenna hefði einnig verið á vettvangi. „Þá fór maður að fara að skipta sér eitthvað af þessu, hélt að það væri verið að ráðast á hann ...“ Kvaðst ákærði í atganginum hafa hlotið fjölda högga og hann allur verið marinn eftir þá meðferð. „Upp frá þessu ... verður maður bara, já æstur ...“ Hvort lögreglan hefði blandast inn í átökin gat ákærði ekki sagt til um með vissu en kvaðst þó halda það. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir því „... hvort það var hún sem var að toga í mann eða gera þetta eða hitt ... eða hvort þetta ... væri bara ... þetta lið sem var að ráðast á mann.“ Var á ákærða að skilja að hann myndi eftir tveimur lögreglukonum á vettvangi, sem og lögreglumanninum Guðmundi Viðari Berg.

Spurður út í sakargiftir samkvæmt ákærulið 3 kannaðist ákærði ekki við að hafa verið að reyna að koma meðákærða Grétari Má frá handtöku og sagðist yfir höfuð ekki minnst þess að hafa séð lögreglu hafa afskipti af honum. Ákærði kvaðst hins vegar muna eftir lögreglumönnum fyrir framan sig, lögreglukonunum tveimur að því er ákærði taldi, sem verið hefðu eitthvað að rökræða við hann. Hann hefði í kjölfarið fengið mace-úða í andlitið. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við að lögreglumennirnir hefðu áður gefið honum sérstök fyrirsmæli eða reynt að taka hann tókum.

Ákærði kannaðist heldur ekki við að hafa rífið í hár lögreglumannsins Huldu Guðmundsdóttur og potað fingri í hægri auga hennar. Þá neitaði hann einnig að hafa veist að umræddum þremur lögreglumönnum eða á annan hátt leitast við að hindra þá við skyldustörf. Tók ákærði sérstaklega fram að hann hefði komið á lögreglustöðina daginn eftir, ásamt meðákærða, og þeir beðist afsökunar á því að hafa hefði þurft af þeim afskipti. Ákærði kvaðst hafa talið að ekki yrðu frekari eftirmál vegna atburða næturinnar og honum því komið málarekstur þessi á óvart.

III.

Olivera Ilic, fyrrverandi lögreglumaður, bar fyrir dómi að umrædda nótt hefði lögreglu borist tilkynning um rýsingar fyrir utan félagsheimilið á Patreksfirði og hefðu hún og starfsfélagi hennar, Sveinn Ólafsson, strax farið á vettvang. Við félagsheimilið sagði vitnið hafa verið talsverðan mannfjölda og hefði mikill hiti verið í fólki. Vitnið hefði fljótlega veitt athygli ákærðu, sem greinilega hefðu verið í miður góðu skapi, en þeir hefðu verið að elta strák nokkurn. Vitnið og starfsfélagi þess hefðu í framhaldinu komið stráknum og félagi hans inn í lögreglubifreið. Ákærði Þorsteinn Rúnar hefði haldið áfram að reyna að ná til stráksins eftir að hann var kominn í lögreglubifreiðina og því hefði starfsfélagi vitnisins ekið með hann og félagi hans burt af vettvangi.

Vitnið sagðist hafa orðið eftir við félagsheimilið og reynt að róa fólk niður. Stuttu síðar hefðu lögreglumennirnir Hulda Guðmundsdóttir og Guðmundur Viðar Berg komið á vettvang. Er þau bar að kvaðst vitnið hafa verið að ræða við Birnu Rán Tryggvadóttur baka til við félagsheimilið. Hulda og Guðmundur Viðar hefðu síðan farið fram fyrir húsið en vitnið haldið áfram að tala við Birnu Rán, sem vitnið kvað hafa verið nokkuð æsta í skapi.

Þegar Birna Rán Tryggvadóttir hefði verið orðin rólegri hefði vitnið gengið fram fyrir félagsheimilið og þá séð að Guðmundur Viðar Berg var kominn með ákærða Grétar Má í tók. Ákærði Þorsteinn Rúnar, sem bersýnilega hefði verið mjög ölvaður og afar æstur, hefði ætlað að rjúka meðákærða til aðstoðar en vitnið og Hulda Guðmundsdóttir reynt að stöðva hann. Kom fram hjá vitninu að ákærða Þorsteini Rúnari hefðu ítrekað verið gefnar skipanir um að halda sig til hlés „... og haga sér eins og maður.“ Þá hefðu lögreglukonurnar einnig gert árangurslausar tilraunir til að ná honum í tók. Sagði vitnið svo hafa virst sem annað slagið rofaði til hjá ákærða Þorsteini Rúnari en þess á milli hefði engu tauti verið við hann komið. Fram kom hjá vitninu að í atganginum hefði ákærði Þorsteinn Rúnar ýtt við vitninu. Einnig hefði hann slegið frá sér, en án þess þó að hafa hitt vitnið sem nokkru næmi. Þá hefði hann hrint Huldu í jörðina.

Í framhaldinu kvað vitnið Huldu Guðmundsdóttur hafa farið Guðmundi Viðari Berg til aðstoðar en vitnið áfram reynt að tjónka við ákærða Þorstein Rúnar. Þar sem hann hefði ekki látið segjast og rokið af stað og ætlað að frelsa meðákærða úr höndum lögreglu sagði vitnið ekki annað úrræði hafa verið tækt en beita piparúða gegn honum. Tók vitnið fram að áður hefði það aðvarað ákærða um að komið gæti til þess að údanum yrði beitt gegn honum. Í kjölfarið hefðu ákærðu báðir verið handteknir og færðir á lögreglustöð.

Aðspurt staðfesti vitnið að títtnefndir starfsfélagar þess, Hulda Guðmundsdóttir og Guðmundur Viðar Berg, hefðu verið þar er atvik máls gerðust. Jafnframt kom fram hjá vitninu að faðir Guðmundar Viðars væri X, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði.

Hulda Guðmundsdóttir lögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði verið kölluð út til vinnu umrædda nótt. Við lögreglustöðina á Patreksfirði hefði vitnið rekist á ákærðu sem verið hefðu æstir í skapi. Vitnið hefði rætt stuttlega við þá en því næst farið að félagsheimilinu þar sem staddur hefði verið nokkur fjöldi manna.

Skömmu eftir að vitnið kom að félagsheimilinu hefði það rekist að nýju á ákærða Grétar Má og það reynt, ásamt Guðmundi Viðari Berg lögreglumanni, að róa hann niður. Ákærða Þorstein Rúnar hefði þá borið að og hann brugðist illur við afskiptum lögreglu. Taldi vitnið mögulegt að ákærði Þorsteinn Rúnar hefði ranglega talið handtöku meðákærða yfirvofandi, en á vitninu var að skilja að á þessum tímamarki hefði ætlun lögreglu eingöngu verið að róa ákærða Grétar Má niður.

Vitnið kvaðst hafa gefið ákærða Þorsteini Rúnari skipun um að bakka frá. Hann hefði í fyrstu ekki hlýtt þeim fyrirmælum en síðan farið frá í eitt augnablik. Ákærði Grétar Már, sem staðið hefði á milli vitnisins og Guðmundar Viðars Berg, hefði tekið þessum afskiptum lögreglu af meðákærða illa og hann hrint vitninu harkalega á vegg félagsheimilisins með þeim afleiðingum að það hlaut mar og eymsli á rifbeinum. Í kjölfarið hefðu vitnið og Guðmundur Viðar Berg snúið ákærða Grétar Má niður og handtekið hann.

Í framhaldinu hefðu vitnið og annar starfsfélagi þess, Olivera Ilic, freistað þess að handtaka ákærða Þorstein Rúnar en þeim ekki tekist að ná honum í tök. Í þeim hamangangi og átökum hefði ákærði rífið í hár vitnisins og potað í annað auga þess. Að lokum hefði ákærði Þorsteinn Rúnar verið aðvaraður um að mace-úða yrði beitt léti hann ekki af hegðun sinni. Ákærði Þorsteinn Rúnar hefði ekki farið að þeim fyrirmælum og lögregla því beitt varnarúdanum. Ákærði hefði í kjölfarið verið færður á lögreglustöð.

Vitnið kvaðst ekki hafa hlotið áverka af viðskiptum sínum við ákærða Þorstein Rúnar. Aðspurt um hvort það hefði mögulega verið óviljaverk hjá ákærða að pota í auga vitnisins svaraði vitnið: „Ég þori ekki að segja til um það.“

Aðspurt gat vitnið ekki gefið á því skýringu að atvikum að því þegar vitnið hlaut fyrrgreinda áverka er lýst með öðrum hætti í læknisvottorði en í skýrslum vitnisins hjá lögreglu og fyrir dómi.

Guðmundur Viðar Berg, fyrrverandi lögreglumaður, bar fyrir dómi að hann hefði fengið útkall frá Sveini Ólafssyni lögreglumanni umrædda nótt vegna slagsmála við félagsheimilið á Patreksfirði. Vitnið sagðist þegar hafa farið á lögreglustöðina og sótt þangað lögreglubifreið. Við lögreglustöðina hefði vitnið rekist á ákærðu sem þar hefðu verið staddir æstir í skapi. Í framhaldinu hefði vitnið farið akandi að félagsheimilinu ásamt Huldu Guðmundsdóttur lögreglumanni.

Við félagsheimilið hefði vitnið hitt fyrir Oliveru Ilic lögreglumann sem verið hefði í samræðum við Birnu Rán Tryggvadóttur, sem virst hefði frekar æst. Skyndilega hefði Birna Rán tekið á rás út á bílastæðið við félagsheimilið og í átt að ákærðu sem komnir hefðu verið á vettvang. Hefði stúlkan greinilega talið sig eiga eitthvað vantalað við ákærðu. Vitnið hefði hins vegar gripið í stúlkuna og vísað henni frá þeim. Stúlkunni hefði í framhaldinu verið ekið af vettvangi.

Ákærðu hefðu í framhaldinu gengið að bíl, sem staðið hefði nærri inngangi félagsheimilisins, og tekið að kýla mann eða menn í og við bílinn. Vitnið hefði stokkið til ásamt Huldu Guðmundsdóttur og vitnið náð að draga ákærða Grétar Má afsíðis. Hulda hefði hins vegar reynt að ræða við ákærða Þorstein Rúnar. Ákærða Grétari Má hefði síðan tekist að losa sig frá vitninu og hann stokkið, eða gengið mjög rösklega, í áttina að ákærða Þorsteini Rúnari og um leið hrint Huldu með báðum höndum mjög harkalega upp að vegg félagsheimilisins. Vitnið kvaðst í framhaldinu hafa náð að taka ákærða Grétar Má tökum og koma honum í jörðina. Að sögn vitnisins gekk því erfiðlega að koma ákærða Grétari Má í járn og meðan á því stóð hefði ákærði Þorsteinn Rúnar, sem verið hefði orðinn frekar æstur, gert sig líklegan „... til að koma þarna að mér og Grétari og ég vissi ekki hvort hann ætlaði að reyna að frelsa hann eða hvað.“ Hulda og Olivera hefðu því ítrekað, en án árangurs, gefið ákærða Þorsteini Rúnari fyrirmæli um að fara frá. Þessi samskipti hefðu endað með átökum milli ákærða Þorsteins Rúnars og lögreglumannanna tveggja þar sem lögreglumennirnir hefðu beittu varnarúða. Kom fram hjá vitninu að það hefði fyrst og fremst heyrt hvað á gekk milli ákærða Þorsteins Rúnars og lögreglumannanna tveggja. Vitnið hefði lítið séð af þeim samskiptum enda upptekið við að halda ákærða Grétari Má niðri. Sérstaklega spurt kvaðst vitnið hafa séð lögreglumennina tvo reyna að ná tökum á ákærða Þorsteini Rúnari en ekki beinlínis séð ryskingar þeirra á milli.

Eftir að ákærði Þorsteinn Rúnar hafði verið yfirbugaður sagði vitnið Huldu Guðmundsdóttur hafa komið sér til aðstoðar við að færa ákærða Grétar Má í járn. Lögregla hefði í framhaldinu fært ákærðu á lögreglustöðina á Patreksfirði. Tók vitnið fram að ákærðu hefðu verið mjög samvinnuþýðir eftir að þangað var komið.

Fyrir dómi staðfesti vitnið að það og Hulda Guðmundsdóttir hefðu verið þar er atvik máls gerðust og væru enn.

Guðrún Eggertsdóttir, eiginkona ákærða Þorsteins Rúnars, greindi svo frá að hún hefði verið við borðhald að kvöldi 23. maí 2010 í félagsheimilinu á Patreksfirði. Hefði henni í kjölfarið dvalist á staðnum eitthvað fram eftir nóttu.

Er vitnið hefði staðið fyrir utan félagsheimilið um nóttina ásamt ákærðu og fleira fólki hefði strákur, ókunnugur vitninu, slegið ákærða Grétar Má, algerlega að tilefnislausu að því er vitnið taldi, og hefði ákærði orðið alblóðugur við höggið.

Vitnið kvað manni sínum hafa verið brugðið við þetta og hann því blandað sér í málið og hann meðal annars reynt að hlúa að meðákærða. Í því hefði Birna Rán Tryggvadóttir komið og ráðist að ákærða Þorsteini Rúnari. Því næst hefði hún ráðist á vitnið og snúið það á hárinu niður í jörðina og kvaðst vitnið hafa þurft að leita sér aðhlyningar á sjúkrahúsi í kjölfarið. Af þeim sökum hefði vitnið ekki séð hvað síðar gerðist fyrir utan félagsheimilið. Tók vitnið fram að það hefði ekki orðið vart við nein afskipti lögreglu af ákærðu umrætt sinn.

Birna Rán Tryggvadóttir kvaðst hafa verið stödd fyrir utan félagsheimilið á Patreksfirði umrædda nótt þegar þar hefði komið til slagsmála og hefði lögregla því verið kölluð til. Kom fram hjá vitninu að vegna átakanna hefði lögregla farið með nokkra stráka af vettvangi.

Vitnið tengdi fyrrgreind átök við æsing í ákærða Grétari Má inni í félagsheimilinu fyrir um nóttina og slagsmál sem átt hefðu sér stað á karlasnyrtingu félagsheimilisins.

Sveinn Ólafsson lögreglumaður bar fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt kallað út tvo lögreglumenn til aðstoðar starfsfélaga sínum, Oliveru Ilic, við félagsheimilið á Patreksfirði, en sjálf hefði vitnið þurft að fara þaðan með nokkur ungmenni yfir á Bíldudal.

Er vitnið yfirgaf vettvang hefði þar verið nokkur fjöldi manna, einhverjir tugir að því er vitnið taldi, en allt verið orðið rólegt. Ástæðu þess að vitnið ákvað að fara með fyrrnefnd ungmenni frá félagsheimilinu og yfir á Bíldudal kvað það hafa verið tilraunir ákærðu til að ráðast að þeim. Hefði vitnið metið það svo að besta leiðin til að koma á ró væri að fjarlægja ungmennin af vettvangi. Kom fram hjá vitninu að ákærðu hefðu borið eitt ungmennanna þeim sökum að hafa slegið ákærða Grétar Má, en hann hefði verið með áverka fyrir ofan annað augað sem lítillaga hefði blætt úr.

IV.

Í málinu liggur fyrir vottorð Sigurjóns Kristinssonar lækni, dagsett 16. júlí 2009, vegna áverka Huldu Guðmundsdóttur. Er í upphafi vottorðsins tekið fram að það sé unnið upp úr sjúkraskrá „hg. Patreksfjarðar“ og að nefndur læknir hafi ekki séð umræddan sjúkling. Síðan segir svo í vottorðinu:

Lögreglumaður sem lendir í átökum fyrir utan félagsheimilið á Patreksfirði í nótt þann 25.05. Voru þar hópslagsmál. Einn versti árásarseggurinn lendir ofan á Huldu og hún fær skrokkinn ofan á brjóstakassann. Klukkutíma síðar fer hún að finna fyrir verkjum hæ. megin framanvert á brjóstakassa, sérstaklega ef hún hlær eða hóstar. Ráðlegg að taka verkjalyf. Hef samband við hana daginn eftir kl. 13, en þessi áverki gerðist í nótt á milli kl. 2 og 3. Kl. 13 er hún skárri, en ef hún hlær þá fær hún verki en hún getur andað djúpt ... Við skoðun þá segist hún ekki kveinka sér almennt, þetta hafi liðið hjá. Lungna og hjartahlustun er eðlileg, hins vegar er hún hvell palpaum anterio lateralt yfir neðstu rifjum hæ. megin.

Sigurjón Kristinsson kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt. Kvað vitnið þá áverka sem lýst er í vottorðinu passa við að lögreglumanninum hefði verið hrint og hann fengið „klemmuáverka“, sbr. þá lýsingu að maður hefði lent ofan á konunni og hún þannig klemmst milli hans og jarðar.

Þá kom einnig fyrir dóm Jón B.G. Jónsson læknir, sem framkvæmdi skoðun á Huldu Guðmundsdóttur umrædda nótt. Staðfesti hann efni vottorðsins, þar með talið þá atvikalýsingu sem þar er höfð eftir lögreglumanninum.

V.

Ákæruliður 1:

Eins og rakið er að framan játuðu ákærðu sök samkvæmt ákærulið 1 fyrir dómi. Samrýmast þær játningar ákærðu gögnum málsins. Áfengislagabrot ákærðu teljast því sönnuð og eru brotin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður 2:

Ákærði Grétar Már neitar sök samkvæmt þessum ákærulið. Við aðalmeðferð málsins lýsti ákærði þeirri skoðun sinni að umræddar sakargiftir væru mjög ótrúlegar. Þá var á ákærða að skilja að hann myndi í raun ekki eftir sér frá því hann fékk högg í andlitið skömmu eftir að hann fór út úr félagsheimilinu á Patreksfirði og þar til lögregla færði hann í járn.

Hulda Guðmundsdóttir lýsti atvikum þessum svo að ákærði Grétar Már hefði tekið afskiptum lögreglu af meðákærða illa og hann því hrint Huldu harkalega á vegg félagsheimilisins með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og eymsli á rifbeinum. Framburður Guðmundar Viðars Berg var mjög á sömu lund. Hann sagði ákærða Grétar Má hafa stökkið, eða gengið mjög rösklega, í áttina að ákærða Þorsteini Rúnari og um leið hrint Huldu með báðum höndum mjög harkalega upp að vegg félagsheimilisins. Guðmundur Viðar kvaðst í framhaldinu hafa náð að taka ákærða Grétar Má tókum og koma honum í jörðina.

Fyrir liggur samkvæmt framburði ákærða Grétars Mús fyrir dómi að hann man ekki atvik þau er ákæruliður 2 tekur til. Vitnin Guðmundur Viðar Berg og Hulda Guðmundsdóttir báru hins vegar afdráttarlaust um að ákærði Grétar Már hefði hrint Huldu harkalega á vegg félagsheimilisins. Staðreynd er að Hulda var þá við skyldustörf, en fyrir liggur í málinu, og er óumdeilt, að lögregla stóð í ströngu umrædda nótt við að koma á friði fyrir utan félagsheimilið.

Upplýst er um nán tengsl milli vitnanna Huldu Guðmundsdóttur og Guðmundar Viðars Berg. Vætti þeirra í málinu verður hins vegar ekki vísað á bug af þeirri ástæðu einni. Er það mat dómsins að gott og eðlilegt samræmi sé í framburði þeirra hvað umræddar sakargiftir varðar, bæði innbyrðis og einnig varðandi annað það sem fram hefur komið í málinu, meðal annars um framgöngu ákærða Grétars Mús fyrir utan félagsheimilið. Á móti stendur eingöngu neitun ákærða sjálfs, án þess að þeirri neitun hafi fylgt nokkur lýsing á atvikum. Að þessu og öðru framangreindu virtu þykir sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi ýtt harkalega við Huldu

Guðmundsdóttur lögreglumanni, sem var við skyldustörf, svo hún lenti á húsvegg og hann með því brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæru er því haldið fram að við brot ákærða hafi Hulda Guðmundsdóttir orðið fyrir meiðslum, hún hlotið mar og eymsli á rifbeinum. Því til stuðnings er framburður lögreglumannsins fyrir dómi. Þá liggur frammi í málinu læknisvottorð þar sem slíkum áverkum er lýst. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að í vottorðinu er að finna allt aðra lýsingu á tilurð áverkanna en lögreglumaðurinn bar um. Einnig þykir verða að horfa til þess að Olivera Ilic bar fyrir dómi að ákærði Þorsteinn Rúnar hefði einnig hrint Huldu í jörðina þessa nótt. Þá verður ráðið af frumskýrslu lögreglu, sem fyrrnefnd Olivera Ilic ritaði, að það hafi ekki verið fyrir en nokkru síðar um nóttina, á lögreglustöðinni á Patreksfirði, sem Hulda tók að kenna sér meins vegna átakanna um nóttina. Að öllu þessu virtu þykir óvarlegt að telja sannað, gegn neitun ákærða, að umrædda áverka hafi Hulda hlotið við það að ákærði Grétar Már hrinti henni samkvæmt áðursögðu.

Ákæruliður 3:

Ákærði Þorsteinn Rúnar neitar sök samkvæmt þessum ákærulið. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði að hann hefði í atganginum við félagsheimilið hlotið fjölda högga og hann allur verið marinn eftir þá meðferð. Taldi ákærði að lögregla hefði blandast inn í átökin, en var þó ekki viss. Var á ákærða að skilja að hann myndi eftir tveimur lögreglukonum á vettvangi, sem og lögreglumanninum Guðmundi Viðari Berg. Sérstaklega spurður kannaðist ákærði ekki við að hafa verið að reyna að koma meðákærða Grétari Má frá handtöku umrætt sinn og sagðist ekki minnst þess að hafa séð lögreglu hafa afskipti af honum. Ákærði kvaðst hins vegar muna eftir lögreglukonunum tveimur fyrir framan sig og hefðu þær eitthvað verið að rökraða við hann. Ákærði hefði í kjölfarið fengið mace-úða í andlitið. Kannaðist ákærði ekki við að lögreglumennirnir hefðu áður gefið honum sérstök fyrirmæli eða reynt að taka hann tókum. Þá kannaðist ákærði heldur ekki við að hafa rífið í hár lögreglumannsins Huldu Guðmundsdóttur og potað fingri í hægri auga hennar. Neitaði ákærði jafnframt að hafa veist að umræddum þremur lögreglumönnum eða á annan hátt leitast við að hindra þá við skyldustörf.

Hulda Guðmundsdóttir lýsti umræddum atvikum með talsvert öðrum hætti en ákærði Þorsteinn Rúnar. Kvað hún þær Oliveru Ilic hafa freistað þess að handtaka ákærða en þeim ekki tekist að ná honum í tók. Í þeim hamagangi og átökum hefði ákærði rífið í hár vitnisins og potað í annað auga þess. Að lokum hefði ákærði verið aðvaraður um að mace-úða yrði beitt, léti hann ekki af hegðun sinni. Ákærði hefði ekki farið að þeim fyrirmælum og lögregla því beitt varnarúðanum. Aðspurð um hvort það hefði mögulega verið óviljaverk hjá ákærða að pota í auga hennar svaraði hún: „Ég þori ekki að segja til um það.“

Olivera Ilic lýsti atvikum þessum svo að ákærði Þorsteinn Rúnar, sem bersýnilega hefði verið mjög ölvaður og afar æstur, hefði ætlað að rjúka meðákærða til aðstoðar en hún og Hulda Guðmundsdóttir reynt að stöðva hann. Kom fram hjá Oliveru að ákærða Þorsteini Rúnari hefðu ítrekað verið gefnar skipanir um að halda sig til hlés „... og haga sér eins og maður.“ Þá hefðu þær Hulda einnig gert árangurslausar tilraunir til að ná honum í tók. Í atganginum hefði ákærði ýtt við vitninu og einnig hefði hann slegið frá sér, án þess þó að hafa hitt vitnið sem nokkru næmi. Þá hefði hann hrint Huldu í jörðina. Olivera sagði Huldu í framhaldinu hafa farið Guðmundi

Viðari Berg til aðstoðar en hún áfram reynt að tjónka við ákærða Þorstein Rúnar. Þar sem hann hefði ekki látið segjast og rokið af stað og ætlað að frelsa meðákærða úr höndum lögreglu sagði Olivera ekki annað úrræði hafa verið tækt en beita piparúða gegn honum. Tók hún fram að áður hefði hún aðvarað ákærða um að komið gæti til þess að úðanum yrði beitt gegn honum.

Þá greindi Guðmundur Viðar Berg svo frá fyrir dómi að þegar hann hefði verið að reyna að koma ákærða Grétari Má í járn hefði ákærði Þorsteinn Rúnar gert sig líklegan „... til að koma þarna að mér og Grétari og ég vissi ekki hvort hann ætlaði að reyna að frelsa hann eða hvað.“ Hulda Guðmundsdóttir og Olivera Ilic hefðu því ítrekað, en án árangurs, gefið ákærða Þorsteini Rúnari fyrirmæli um að fara frá. Hefðu þessi samskipti endað með átökum milli ákærða Þorsteins Rúnars og lögreglumannanna tveggja þar sem lögreglumennirnir hefðu beitt varnarúða. Tók Guðmundur Viðar fram að hann hefði fyrst og fremst heyrt hvað á gekk milli ákærða Þorsteins Rúnars og starfsfélaga sinna en lítið séð af þeim samskiptum, enda hefði hann verið upptekinn við að halda ákærða Grétari Má niðri.

Svo sem áður er rakið verður vætti Huldu Guðmundsdóttur og Guðmundar Viðars Berg ekki vísað á bug eingöngu vegna þeirra tengsla sem upplýst er að á milli þeirra hafi verið er atvik máls gerðust. Með framburði lögreglumannanna þriggja, sem ítarlega hefur verið reifaður hér að framan, þykir sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi óhlýðnast margendurteknum fyrirmælum lögreglu kvennanna tveggja og þannig brotið gegn 19. gr., sbr. 41. gr., lögreglulaga nr. 90/1996.

Hvað varðar meint brot ákærða gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga skal fyrst tekið fram að ekki verður ráðið af framburði lögreglumannanna fyrir dómi að ákærði Þorsteinn Rúnar hafi hótað þeim ofbeldi. Þær sakargiftir eru því ósannaðar. Sakargiftir á hendur honum um að hafa af ásetningi potað fingri í hægri auga Huldu og rífið í hár hennar eru fyrst og fremst studdar framburði Huldu sjálfar. Olivera Ilic minntist ekki á slíka háttsemi í skýrslu sinni fyrir dómi þrátt fyrir að hafa tekið lýsingu á henni upp í frumskýrslu, en ekki verður fram hjá því lítið að skýrslan er dagsett hálfum mánuði eftir að atvik máls gerðust. Að þessum atriðum virtum þykir óvarlegt að telja sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi af ásetningi gerst sekur um umrædda háttsemi.

Af vætti lögreglumannanna þriggja er ljóst að ákærði Þorsteinn Rúnar lét ófriðlega á vettvangi, var ógnandi í framkomu og ósáttur við afskipti lögreglumannanna af meðákærða. Einnig þykir liggja fyrir að ákærði hafi ítrekað reynt að komast í návígi við meðákærða og lögreglumanninn Guðmund Viðar Berg sem þá var með þann fyrrnefnda í tökum. Af framburði Guðmundar Viðars má skýrlega ráða að mögulega hafi ákærði Þorsteinn Rúnar ætlað að freista þess að ná meðákærða úr höndum Guðmundar Viðars, en sá síðastnefndi fullyrti þó ekkert um það atriði. Það gerði hins vegar Olivera Ilic í skýrslu sinni fyrir dómi. Að öllu þessu heildstætt virtu og því sem áður segir um óhlýðni ákærða við ítrekuðum fyrirmælum lögreglu þykir nægjanlega sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi leitast við að koma meðákærða frá handtöku. Enn fremur þykir sannað með vætti lögreglukvennanna tveggja að ákærði hafi beitt líkamlegum aflsmunum gegn

konunum og losað sig frá þeim er þær reyndu að yfirbuga hann.

Með þeirri háttsemi sem sannað þykir samkvæmt framansögðu að ákærði Þorsteinn Rúnar hafi sýnt af sér gagnvart lögreglumönnum við skyldustörf gerðist hann brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins á ákærði Grétar Már engan sakaferil að baki. Þá hefur sakaferill ákærða Þorsteins Rúnars engin áhrif á ákvörðun refsingar hans nú. Ákærðu játuðu báðir skýlaust sakargiftir samkvæmt ákærulið 1. Samkvæmt þessu og að brotum ákærðu og atvikum öllum virtum þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærðu og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

VII.

Í bréfi ríkissaksóknara til dómsins frá 28. janúar 2010, sem fylgdi ákæru málsins, eru tilgreind ellefu vitni sem ákæruvaldið hafði áform um að leiða, kæmi til aðalmeðferðar í málinu. Þrátt fyrir þá staðreynd var enga vitnaskýrslu í skilningi 1. mgr. 58. gr. laga nr. 88/2008 að finna meðal gagna málsins. Skýrðist sú staðreynd meðal annars af því að við rannsókn málsins var hafður sá háttur á að lögreglumenn þeir sem að málinu komu rituðu greinargerðir þar sem fram kom lýsing þeirra á atvikum umrædda nótt. Er það mat dómsins óbreytt, sbr. úrskurð réttarins í málinu frá 30. september 2010, að þau vinnubrögð samræmist ekki vel ákvæðum laga nr. 88/2008, en í lögnum er ekki sérstaklega mælt fyrir um að skýrslutökur af lögreglumönnum, sem vitni eru að málsatvikum, skuli fara fram með öðrum hætti en skýrslutökur af öðrum vitnum.

Hulda Guðmundsdóttir og Guðmundur Viðar Berg, sem voru lykilvitni ákæruvalds í málinu, auk lögreglumannsins Oliveru Ilic, voru þar er atvik máls gerðust. Þá er staðreynd að faðir Guðmundar Viðars er rannsóknarlögreglumaður við embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum og eini samstarfsmaður þess lögreglufulltrúa sem fór með rannsókn málsins innan rannsóknardeildar embættisins.

Í ljósi þess hvernig staðið var að rannsókn málsins og vegna framangreindra tengsla vitna og rannsóknaraðila var ákærðu nokkur vandi á höndum er þeir þurftu að mynda sér afstöðu til sakargifta eftir birtingu ákæru í málinu. Samkvæmt því, og að því virtu að ákærðu játuðu báðir skýlaust sök samkvæmt ákærulið 1, þykir mega fella sakarkostnað málsins á ríkissjóð, þar með talda þóknun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurðar Þóroddssonar hrl., með vísan til grunnraka 1. mgr. 218. gr. i.f. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þóknun verjanda telst hæfilega ákveðin, eftir umfangi málsins og að teknu tilliti til þess tíma sem fór í ferðalög hjá lögmanninum, svo sem í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði Grétar Már Guðfinnsson sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Þorsteinn Rúnar Ólafsson sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurðar Þóroddssonar hrl., 439.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Kristinn Halldórsson.